

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B27-32

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 27-32

Nr. 196-230

2004

Efnisyfirlit B 27-32 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
196	24. feb.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	597
197	25. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík	598
198	27. feb.	Samþykkt um fráveitu í Dalabyggð	599-602
199	24. feb.	Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Dalabyggð	603-604
200	1. mars	Auglýsing um útgáfu á Skoðunarhandbók skipa og báta	604
201	2. mars	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi	605
202	5. mars	Reglugerð um friðun blálöngu á hrygningartíma	606
203	1. mars	Gjaldskrá fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir	607-611
204	23. feb.	Reglugerð um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa	612-620
205	26. feb.	Samþykkt um fráveitu Grindavíkur	621-623
206	25. feb.	Reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja	624-630
207	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu starfsreglna nefndar sem starfar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu	631-633
208	20. feb.	Reglugerð um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum	633-635
209	12. feb.	Gjaldskrá vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar í Rangárþingi ytra	635-636
210	12. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Grindavík	637
211	27. feb.	Auglýsing um deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals í Mosfellsbæ	637
212	23. feb.	Gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi	638
213	25. feb.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit á Akureyri	638
214	26. feb.	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð	639-640
215	14. jan.	Gjaldskrá sorphirðu í Vesturbyggð skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð	641-642
216	23. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Norðurvang, lóðir nr. 14-40 í Hafnarfirði	642
217	1. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Miðvangur	643
218	19. feb.	Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit á Akranesi	643-644
219	27. feb.	Auglýsing um deiliskipulag Miðvangs 13, Egilsstöðum	644
220	26. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Linnestígs 2“ í Hafnarfirði	644
221	26. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi	645

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 2004

24. febrúar 2004

597

Nr. 196

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Í stað einingaverðs í flokki 1-15 sem er á eftir 1. másl. í 1. mgr. í fylgiskjali I með reglugerðinni kemur eftirfarandi einingaverð:

Flokkar	Einingar	Verð (149 kr./ein.)
1. flokkur	21	3.129
2. flokkur	28	4.172
3. flokkur	45	6.705
4. flokkur	70	10.430
5. flokkur	90	13.410
6. flokkur	100	14.900
7. flokkur	115	17.135
8. flokkur	120	17.880
9. flokkur	140	20.860
10. flokkur	150	22.350
11. flokkur	200	29.800
12. flokkur	210	31.290
13. flokkur	510	75.990
14. flokkur	1100	163.900
15. flokkur	1580	235.420

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 20. gr. og 35. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. febrúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hálsahverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 25. nóvember 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi, vegna stækkunar á mörkum deiliskipulagsins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Háagerði 1-79 og Sogavegur 98-106.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 21. janúar 2004, breytingu á deiliskipulagi fyrir Háagerði 1-79 og Sogaveg 98-106 vegna stækkunar lóða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 25. febrúar 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2004

27. febrúar 2004

599

Nr. 198

SAMÞYKKT um fráveitu í Dalabyggð.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Dalabyggð og rotþrær.

II. KAFLI Um fráveitur og rotþrær.

2. gr.

Dalabyggð starfrækir fráveitu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana. Sveitarstjóri fer með umsjón, framkvæmdir og rekstur fráveitu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráræsi húseigna: Fráræsi frá inntaki húss að skilgreindu fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Fráveituvatn: Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólþ: Húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

4. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum sveitarfélagsins og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

Fráræsi húseigna er eign húseiganda og endar í tengibrunni sem er eign lóðarhafa við lóðarmörk að aðliggjandi götu þar sem fráveita sveitarfélagsins tekur við. Á lóðarblaði skal koma fram staðsetning og tengikóti á stút fráveitu við lóðarmörk.

5. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Skipulags- og byggingarfulltrúi ákveður legu götuholræsa og tengireina ásamt tengikótum. Sveitarfélaginu er heimilt að tengja hús í þéttbýli við rotþrær ef kostnaðar- eða tæknilegar forsendur krefjast þess. Eru þær eign sveitarfélagsins og á ábyrgð þess.

6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum að lóðarmörkum og tengja þau við fráveituna. Húseigendur skulu halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana fráveitu sveitarfélagsins, hvort sem hún er einföld eða tvöföld. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólpi nr. 798/1999.

7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins við lóðarmörk, skal húseigandi leiða fráveituvatn að brunn, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Þegar fráveita sveitarfélagsins hefur verið lögð þar sem rotþrær voru áður, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana sbr. 4. gr.

8. gr.

Í dreifbýli þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna, leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa og hlotið hefur viðurkenningu Umhverfisstofnunar. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar Vesturlands.

9. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til skipulags- og byggingarfulltrúa á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja fráveitu sveitarfélagsins. Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

10. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum sbr. byggingarreglugerð, íslenskan staðal og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

12. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og á þeim fari fram nauðsynlegt viðhald. Dalabyggð er skylt að halda raski í lágmarki, ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

13. gr.

Húseigandi annast allt viðhald fráræsis húsa og rotþróa á sinn kostnað, er skylt að halda þeim vel við og tryggja að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, og ekki sjaldnar en annað hvert ár, og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. Hreinsun fer fram á vegum Dalabyggðar eða þess aðila sem falin er framkvæmd verksins og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að annast verkið. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja góðan árangur og heilbrigðisnefnd Vesturlands hafa eftirlit með framkvæmd hreinsunar.

15. gr.

Dalabyggð annast alla meðferð seyru í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar að annast meðhöndlun seyru í umboði sveitarstjórnar.

16. gr.

Þar sem húseignir í dreifbýli liggja utan vega sem þola umferð hreinsibíla og ekki er kleift að koma þeim að rotþró er tæming rotþróa á ábyrgð og umsjón húseigenda.

17. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræslagnir frá húseigendum vegna vatnsyfirborðsris af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðalokum við gólfniðurföll.

III. KAFLI

Um fráveitu- og rotþróargjald.

18. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Tengigjald skal innheimt við veitingu byggingarleyfis.

19. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Dalabyggðar, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því m.a. varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

20. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

21. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

22. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjald lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjald-daga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

23. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþróm í dreifbýli skal húseigandi greiða útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Gjald þetta er sett í gjaldskrá skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskrá er birt í B-deild Stjórnartíðinda.

24. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 37/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

25. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

26. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur allra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróm og liggja utan fráveitukerfa sveitarfélagsins við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2004

24. febrúar 2004

603

Nr. 199

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalabyggð og hreinsun rotþróa í Dalabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 198/2004 um fráveitur í Dalabyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús kr. 35.000 á hvert hús.

Fyrir fjölbýlishús kr. 11.750 á hverja íbúð.

Fyrir annað húsnæði kr. 50 á hvern m^3 í húsnæðinu að 4000 m^3

12 kr. á hvern m^3 >4000 m^3

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,15% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð í m^3	Rotþróargjald í kr.
Rotþró 0-2000	9.500
Rotþró 2.000-3.000	11.200
Rotþró 3.000-4.000	13.700
Rotþró 4.000-6.000	15.300
Rotþró 6.000-8.000	17.600
Rotþró 8.000-10.000	21.200
Rotþró > 10.000	2.400 kr. per umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.750.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi strax við birtingu hennar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Búðardal, 24. febrúar 2004.

Haraldur L. Haraldsson sveitarstjóri.

Nr. 200

1. mars 2004

AUGLÝSING

um útgáfu á *Skoðunarhandbók skipa og báta*.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest og gefið út *Skoðunarhandbók skipa og báta* sem greinir nánar frá framkvæmd skoðunar á skipum og bátum og búnaði þeirra, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 1017/2003.

Ráðuneytið hefur falið Siglingastofnun Íslands að annast fjölföldun handbókarinnar, dreifingu hennar til faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar sem starfsleyfi hafa skv. reglugerð um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, nr. 94/2004 og annarra sem málið varðar.

Siglingastofnun Íslands annast nauðsynlega endurskoðun handbókarinnar og dreifingu nýrra blaða í handbókina til faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar og annarra sem málið varðar.

Samgönguráðuneytinu, 1. mars 2004.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Sigurbergur Björnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 2004

2. mars 2004

605

Nr. 201

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 16. desember 2003, var samþykkt breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin nær til 6 parhúsaloða nr. 1-11, oddatölur, við Eyrarflöt og felst í að lóðunum er breytt í einbýlishúsaloðir. Gert er ráð fyrir eins til tveggja hæða einbýlishúsum. Bílgeymslur geta ýmist verið innbyggðar eða stakstæðar.

Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 49 og Smiðjuvalla 4 á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 12. febrúar 2004, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla, Akranesi vegna lóðanna nr. 49 við Esjubraut og nr. 4 við Smiðjuvelli.

Breytingin felst í stækkun lóðar nr. 4 við Smiðjuvelli sem tekur yfir hluta lóðar nr. 49 við Esjubraut. Jafnframt eru lóðamörk Smiðjuvalla 4, eftir breytingu, færð til að skapa rými fyrir fyrirhugað hringtorg á horni Esjubrautar og Þjóðbrautar. Gert er ráð fyrir að hús á Esjubraut 49 verði rífið.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru auglýstar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 2. mars 2004.

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsfulltrúi Akraness.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 2004

Nr. 202

606

5. mars 2004

REGLUGERÐ

um friðun blálöngu á hrygningartíma.

1. gr.

Á tímabilinu 15. febrúar til 30. apríl eru allar veiðar með fiskibotnvörpu og línu óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Suður af Vestmannaeyjum:

1. $62^{\circ} 58'90'' \text{ N} - 20^{\circ} 22'00'' \text{ V}$
2. $63^{\circ} 00'00'' \text{ N} - 20^{\circ} 27'00'' \text{ V}$
3. $62^{\circ} 50'00'' \text{ N} - 20^{\circ} 27'00'' \text{ V}$
4. $62^{\circ} 50'00'' \text{ N} - 20^{\circ} 00'00'' \text{ V}$
5. $63^{\circ} 00'00'' \text{ N} - 20^{\circ} 00'00'' \text{ V}$

2. Á Franshól:

1. $61^{\circ} 03'00'' \text{ N} - 27^{\circ} 39'73'' \text{ V}$
2. $61^{\circ} 03'00'' \text{ N} - 27^{\circ} 28'00'' \text{ V}$
3. $60^{\circ} 59'00'' \text{ N} - 27^{\circ} 28'00'' \text{ V}$

Suðurmörk svæðisins afmarkast af 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. mars 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 2004.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg

GJALDSKRÁ

fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir.

1. gr.

Sérlyf, samhliða innflutt lyf og náttúruylf.

Umsækjandi um markaðsleyfi fyrir sérlyf, samhliða innflutt lyf og náttúruylf skal greiða Lyfjastofnun gjald skv. 3. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standa skal undir kostnaði við mat þess skv. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Einnig skal gjaldið standa undir kostnaði við útgáfu markaðsleyfis.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um endurnýjun á markaðsleyfi lyfs og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika.

Gjöld vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir lyf eða endurnýjun þeirra eru óafturkræf þó umsókn sé synjað.

Gjöld þessi skulu vera samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa.

Óski umsækjandi eða markaðsleyfishafi fyrir lyf hér á landi eftir að nýta leyfið sem grundvöll viðurkenningar í öðru aðildarríki EES-samningsins á grundvelli IV. kafla reglugerðar nr. 462/2000, um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla, skal hann standa straum af kostnaði sérfræðinga við matsgerð þess lyfs er mynda á grundvöll viðurkenningar í öðru aðildarríki EES-samningsins.

2. gr.

Breytingar á skilmálum markaðsleyfa.

Umsækjandi um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs skal greiða Lyfjastofnun gjald skv. 3. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standa skal undir kostnaði við umfjöllun um breytingu skv. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Greiða skal gjald samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa annars vegar fyrir umsókn um minniháttar breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I A (tilkynning um breytingu) og tegund I B (umsókn um breytingu), og hins vegar umsókn um meiriháttar breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs (tegund II). Tvenns konar gjald greiðist fyrir meiriháttar breytingar (tegund II) allt eftir umfangi breytinga.

Hver umsókn gildir fyrir eina breytingu nema um sé að ræða breytingu sem hefur aðrar í för með sér.

Rita skal nýja umsókn ef sótt er um eftirfarandi breytingar á skilmálum markaðsleyfis lyfs á Íslandi; breytingar á virkum innihaldsefnum, nýjar ábendingar lyfs, nýjan styrkleika, nýtt lyfjaform eða nýja aðferð við gjöf. Þá skal rita nýja umsókn ef sótt er um eftirfarandi breytingar á skilmálum markaðsleyfis dýralyfs, ef afurðir þess eru notaðar til manneldis; styttingu á afurðarnýtingarbiðtíma eða til notkunar fyrir nýja dýrategund.

Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa vegna flutnings á markaðsleyfi lyfs til óskylds aðila.

Umsækjandi um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs er myndar grundvöll viðurkenningar í öðru aðildarríki EES-samningsins á grundvelli IV. kafla reglugerðar nr. 462/2000, um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla, skal standa straum af kostnaði sérfræðinga við breytingar á matsgerð þess lyfs.

3. gr.
Árgjöld.

Af hverju formi og styrkleika sérlyfs, samhliða innflutts lyfs og náttúruulyfs sem hefur markaðsleyfi 1. janúar ár hvert, skal handhafi markaðsleyfis greiða árlegt gjald skv. 4. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert, skv. reikningi frá Lyfjastofnun. Reikningar fyrir árgjöldum lyfja skulu greiddir hjá ríkisfjárhirslu.

Árgjöldum er m.a. ætlað að standa undir kostnaði við viðhald lyfjaskráa, skráningu auka-
verkana lyfja og upplýsingagjöf um lyf sem hafa markaðsleyfi hér á landi, svo og kostnaði sem hlýst af nauðsynlegri samvinnu við erlendar stofnanir vegna lyfja sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi.

Sé handhafi markaðsleyfis lyfs erlendur ber umbjóðanda hans hér á landi að standa skil á greiðslu árgjalds.

4. gr.
Smáskammtalyf (hómópatalyf).

Umsækjandi um leyfi til innflutnings, sölu og dreifingar smáskammtalyfja (hómópatalyfja) er hafa gilt markaðsleyfi í öðru aðildarríki EES-samningsins og undanþegin eru kröfunni um sérstakt markaðsleyfi hér á landi skal greiða Lyfjastofnun gjald skv. 3. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standa skal undir kostnaði við mat þess skv. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Gjöld þessi skulu vera samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi.

Gjöld vegna umsókna skv. 1. mgr. eru óafturkræf þó umsókn sé synjað.

5. gr.
Náttúruvörur og fæðubótarefni.

Umsækjandi um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi) fæðubótarefna og náttúruvöru vegna fyrirhugaðrar dreifingar hennar og endursölu skal, skv. 5. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, greiða Lyfjastofnun gjald er standa skal undir kostnaði við matið. Gjöld þessi skulu vera samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa.

Hver umsókn um mat gildir aðeins fyrir eina vöru í einu formi og einum styrkleika og fyrir einn umsækjanda og skal sýnishorn af vörunni fylgja hverri umsókn.

Gjöld vegna mats skv. 1. mgr. eru óafturkræf.

6. gr.
Klínískar lyfjaprófanir og rannsóknir á aðgengi lyfja.

Umsækjandi um heimild til klínískrar lyfjaprófunar og rannsóknar á aðgengi lyfs er Lyfjastofnun veitir, sbr. 4. tl. 1. mgr. 3. gr., skal greiða gjald samkvæmt 6. mgr. 3. gr. og 9. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standi undir kostnaði við mat á umsókn, veitingu leyfis og eftirlit. Gjöld þessi skulu vera samkvæmt viðauka I við gjaldskrá þessa. Að auki skal umsækjandi standa straum af kostnaði vegna aðkeyptar vinnu sérfræðinga utan Lyfjastofnunar í þeim tilvikum sem þörf er á slíku sérfræðimati.

Gjöld þessi eru óafturkræf þótt umsókn um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar eða rannsóknar á aðgengi lyfs sé synjað.

Lyfjastofnun getur í undantekningartilfellum fallið frá gjaldtöku vegna klínískra lyfjarannsóknar ef gild rök standa til þess.

7. gr.

Lyf án markaðsleyfis.

Lyfjastofnun innheimtir gjald skv. 6. mgr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er standi undir kostnaði við afgreiðslu umsókna um leyfi til að flytja inn og selja gegn lyfseðli lyf sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi sbr. 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Lyfjastofnun innheimtir 2% af heildarinnkaupsverði lyfsins á árinu ef heildarinnkaupsverð er umfram 15.000 kr. og er gjaldið innheimt eftir á ár hvert. Gjöld þessi skulu þó aldrei nema hærri fjárhæð en 115.500 kr.

8. gr.

Undanþágur frá greiðslu árgjalda.

Lyfjastofnun er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu árgjalds lyfs, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist stofnuninni með nákvæmum upplýsingum um heildarmagn, sem selt hefur verið af lyfinu á árinu á undan, auk upplýsinga um heildarupphæð heildsöluverðs lyfsins á ársgrundvelli.

9. gr.

Innheimta.

Lyfjastofnun innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Eindagi gjalda er 30 dögum frá útgáfu reiknings. Sé gjald ekki greitt á eindaga skulu innheimtir dráttarvestir. Gjöldin eru aðfararhæf.

10. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, að fengnum tillögum Lyfjastofnunar, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 109/2001 fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir með áorðnum breytingum skv. auglýsingum nr. 116/2002, 114/2003 og 382/2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. mars 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

VIÐAUKI I
Flokkar gjalda.

Flokkur: Lyf fyrir menn	Gjald:
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	127.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	25.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	95.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	19.000

Flokkur: Lyf fyrir menn	Gjald:
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleika þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf.	64.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	13.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	38.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	8.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	32.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	15.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I B	12.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I A	6.000
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	38.000
Viðbótar lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	13.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	18.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	15.000

Flokkur: Lyf fyrir dýr	Gjald:
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	51.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	13.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	25.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	13.000
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf.	25.000
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	7.000
Umsókn um lyfjaleifar (MRL) og nýja dýrategund	25.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	25.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	7.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	19.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	13.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I B	7.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I A	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	25.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	13.000
Árgjald dýralyfja fyrir hvern styrkleika lyfja	13.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	15.000

Flokkur: Náttúruyf	Gjald:
Umsókn um nýtt náttúruyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	38.500
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	20.000
Umsókn um nýtt náttúruyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika).	27.500
Landsskráning og sem þátttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	7.000

Flokkur: Náttúrulyf	Gjald:
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleika þegar skráðs náttúrulyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf. Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	19.000
Auka lyfjaform/styrkleiki	5.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II umtalsverð breyting	16.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II minni breyting	11.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund I B	7.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund I A	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis náttúrulyfs	19.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	10.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	5.500
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	11.000

Flokkur: Smáskammtalyf	Gjald:
Umsókn um smáskammtalyf, skráning	10.000
Umsókn um smáskammtalyf sem ekki hafa markaðsleyfi í öðru EES-aðildarríki	32.000

Flokkur: Fæðubótarefni, náttúruvörur	Gjald:
Umsókn um faglegt mat, lyf/almenn vara	7.000

Flokkur: Klínískar lyfjarannsóknir o.fl.	Gjald:
Klínísk lyfjarannsókn	38.000
Klínísk aðgengisrannsókn	19.000
Breyting á lyfjarannsókn, umtalsverð	11.000

REGLUGERÐ

um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að auka öryggi búlkaskipa, sem hafa viðkomu í íslenskum höfnum þeirra erinda að lesta eða losa búlkafarm í föstu formi, með því að draga úr óhóflegu álagi og áþreifanlegum skemmdum á burðarvirki skipa sem á sér stað meðan á lestun eða losun stendur en það má gera með:

1. samhæfðum nothæfiskröfum fyrir þessi skip og búlkastöðvar, og
2. samhæfðum málsmeðferðarreglum fyrir samvinnu og samskipti milli þessara skipa og búlkastöðva.

2. gr.

Gildissvið.

Þessi reglugerð gildir um öll búlkaskip, sem hafa viðkomu á búlkastöðvum til þess að lesta eða losa búlkafarm í föstu formi, án tillits til þess undir hvaða fána þær sigla.

Með fyrirvara um ákvæði reglu VI/7 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 skal þessi reglugerð ekki gilda um búnað sem eingöngu er notaður í sérstökum tilvikum til að skipa búlkafarmi í föstu formi út í eða upp úr búlkaskipum og hún gildir ekki í þeim tilvikum þegar lestun eða losun er eingöngu framkvæmd með búnaði búlkaskipsins sem um ræðir.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. alþjóðasamþykktir: samþykktir, samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra, sbr. skilgreiningu í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um hafnarríkiseftirlit með sjóflutningum nr. 589/2003 og 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 95/21/EB um hafnarríkiseftirlit;
2. SOLAS-samþykktin frá 1974: alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 ásamt tilheyrandi bókunum og breytingum samkvæmt nýjustu útgáfu hennar;
3. BLU-reglur: reglur um starfsvenjur vegna öryggis við lestun og losun búlkaskipa, sem fram koma í viðauka við þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.862(20) frá 27. nóvember 1997 samkvæmt nýjustu útgáfu þeirra;
4. búlkaskip: merkir hér hið sama og í reglu IX/1.6 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 og í túlkun 6. ályktunar SOLAS-ráðstefnunnar sem haldin var 1997, þ.e.:
 - skip með einföldu þilfari, vængtönkum og húftönkum í lestarrými og aðallega ætlað til flutninga á föstum búlkafarmi, eða
 - málmgrýtisskip, þ.e. hafskip með einu þilfari, tveimur langskipsþiljum og tvöföldum botni undir öllu farmsvæðinu og eingöngu ætlað til flutnings á málmgrýtisfarmi í miðlestum, eða
 - fjölnotaskip sem er skilgreint í reglu II-2/3.27 í SOLAS-samþykktinni frá 1974;

5. fastur búlkafarmur: búlkafarmur í föstu formi eins og hann er skilgreindur í reglu XII/1.4 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, að frátöldu korni;
6. korn: merkir hér hið sama og í reglu VI/8.2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974;
7. búlkastöð: hvers konar aðstaða, hvort sem hún er föst, fljótandi eða hreyfanleg, sem notuð er til að lesta eða losa búlkaskip með föstum búlkafarmi;
8. rekstraraðili búlkastöðvar: eigandi búlkastöðvar eða hvers konar stofnun eða einstaklingur sem eigandinn hefur falið ábyrgð á lestun eða losun tiltekins búlkaskips;
9. fulltrúi búlkastöðvar: hver sá einstaklingur sem eigandinn hefur tilnefnt og ber meginábyrgð á og hefur vald til að stjórna undirbúningi, framkvæmd og verklokum lestunar eða losunar tiltekins búlkaskips sem framkvæmd er á vegum búlkastöðvarinnar;
10. skipstjóri: einstaklingur sem hefur með höndum stjórn búlkaskips eða yfirmaður á skipinu sem skipstjóri hefur tilnefnt vegna lestunar eða losunar skipsins;
11. viðurkennd stofnun: stofnun sem viðurkennd er í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 94/57/EB;
12. upplýsingar um farm: upplýsingar um farm sem krafist er í reglu VI/2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974;
13. lestunar- eða losunarátætlun: átætlun sem um getur í reglu VI/7.3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 en framsetning hennar skal vera eins og kemur fram í 2. viðbæti við BLU-reglurnar;
14. sameiginlegur öryggisgátlisti skips og hafnar: gátlisti sem um getur í 4. þætti BLU-reglnanna en framsetning hans skal vera eins og kemur fram í 3. viðbæti við BLU-reglurnar;
15. yfirlýsing um eðlismassa fasts búlkafarms: upplýsingar um eðlismassa farms sem gefa skal upp í samræmi við reglu XII/10 í SOLAS-samþykktinni frá 1974.

4. gr.

Kröfur er varða nothæfi búlkaskipa.

Siglingastofnun skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að búlkaskip séu, að mati rekstraraðila búlkastöðva, nothæf til lestunar eða losunar á föstum búlkafarmi með því að ganga úr skugga um að þau uppfylli ákvæði I. viðauka með þessari reglugerð.

5. gr.

Kröfur er varða nothæfi búlkastöðva.

Siglingastofnun skal fullvissa sig um að rekstraraðilar búlkastöðva tryggi eftirfarandi að því er varðar búlkastöðvar sem þeir bera ábyrgð á samkvæmt þessari reglugerð:

1. búlkastöðvarnar uppfylli ákvæði II. viðauka með reglugerð þessari;
2. fulltrúi búlkastöðvar (einn eða fleiri) hafi verið skipaður;
3. upplýsingabækur hafi verið samdar, þar sem fram koma kröfur búlkastöðvarinnar og stjórnvalda og upplýsingar um höfnina og búlkastöðina sem skráðar eru í lið 1.2 í 1. viðbæti við BLU-reglurnar, en þessar upplýsingabækur skulu vera aðgengilegar skipstjórum búlkaskipa, sem fara um búlkastöðina til þess að lesta eða losa búlkafarm í föstu formi, og
4. gæðastjórnunarkerfi hafi verið þróað, komið á og viðhaldið. Slíkt gæðastjórnunarkerfi skal vottað af faggiltri vottunarstofu í samræmi við ISO 9001:2000-staðlana eða jafngildan staðal sem uppfylli a.m.k. alla þætti ISO 9001:2000, og gerð skal úttekt á því í samræmi við viðmiðunarreglur ISO 10011:1991 eða jafngildan staðal sem uppfylli alla þætti ISO 10011:1991. Fara skal að ákvæðum tilskipunar 98/34/EB.

Aðlögunarfrestur til að koma á fót gæðastjórnunarkerfinu er veittur til 5. febrúar 2005 og í eitt ár til viðbótar til að afla vottunar fyrir kerfið.

6. gr.

Starfsleyfi til bráðabirgða.

Þrátt fyrir kröfur 4. tölul. 5. gr. getur Siglingastofnun gefið út bráðabirgðaleyfi til nýstofnaðra búlkastöðva sem skal gilda í 12 mánuði hið mesta. Hins vegar skal sýnt fram á það, af hálfu búlkastöðvarinnar, að til sé áætlun um að hrinda í framkvæmd gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ISO 9001:2000-staðalinn eða jafngildan staðal eins og fram kemur í 4. tölul. 5. gr.

7. gr.

Ábyrgðarstörf skipstjóra og fulltrúa búlkastöðva.

Siglingastofnun skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirfarandi meginreglur um ábyrgðarstörf skipstjóra og fulltrúa búlkastöðva séu virtar og að þeim sé beitt:

1. Ábyrgð skipstjóra:
 - a) skipstjórinn ber ætíð ábyrgð á öruggri lestun og losun búlkaskips sem er undir hans stjórn;
 - b) með góðum fyrirvara fyrir áætlaðan komutíma skipsins til búlkastöðvarinnar skal skipstjóri veita búlkastöðinni þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í III. viðauka með reglugerð þessari;
 - c) áður en lestun á föstum búlkafarmi hefst skal skipstjóri tryggja að hann hafi fengið þær upplýsingar um farminn sem krafist er samkvæmt reglugerð VI/2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974 og, sé þess krafist, yfirlýsingu um eðlismassa fasts búlkafarms. Þessar upplýsingar skulu koma fram á eyðublaði um farmupplýsingar eins og mælt er fyrir um í 5. viðbæti við BLU-reglurnar;
 - d) áður en lestun eða losun hefst og meðan á henni stendur skal skipstjóri rækja þær skyldur sem taldar eru upp í IV. viðauka með reglugerð þessari;
2. Ábyrgð fulltrúa búlkastöðvar:
 - a) jafnskjótt og tilkynning berst frá skipinu um áætlaðan komutíma þess skal fulltrúi búlkastöðvarinnar láta skipstjóranum í té upplýsingarnar sem um getur í V. viðauka með reglugerð þessari;
 - b) fulltrúi búlkastöðvarinnar skal fullvissa sig um að skipstjórinn hafi fengið upplýsingarnar á farmupplýsingaeyðublaðinu eins fljótt og unnt er;
 - c) fulltrúi búlkastöðvarinnar skal tilkynna Siglingastofnun án tafar um augljósan vanbúnað um borð í búlkaskipi sem hættu gæti stafað af við lestun eða losun fasts búlkafarms;
 - d) áður en lestun eða losun hefst og meðan á henni stendur skal fulltrúi búlkastöðvarinnar rækja þær skyldur sem taldar eru upp í VI. viðauka með reglugerð þessari.

8. gr.

Fyrirkomulag samvinnu milli búlkaskipa og búlkastöðva.

Tryggja skal að eftirfarandi fyrirkomulag sé viðhaft í tengslum við lestun eða losun búlkaskipa með föstum búlkafarmi:

1. Áður en lestun eða losun fasts búlkafarms hefst skal skipstjórinn komast að samkomulagi við fulltrúa búlkastöðvarinnar um lestunar- eða losunaráætlun í samræmi við reglu VI/7.3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974. Lestunar- eða losunaráætlunin skal vera í þeirri mynd sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við BLU-reglurnar, hún skal innihalda IMO-númer búlkaskipsins og skipstjórinn og fulltrúi búlkastöðvarinnar skulu staðfesta með undirskrift að þeir séu samþykkir áætluninni. Sérhver breyting á áætluninni, sem að mati annars hvors aðilans kann að hafa áhrif á öryggi skips eða áhafnar, skal gerð, viðurkennd og samþykkt af báðum aðilum, sem endurskoðuð áætlun.

- Samþykktta lestunar- eða losunarátætlunin, ásamt síðari breytingum, skal vera í vörslu skips og búlkastöðvar um sex mánaða skeið til þess að sannprófun af hálfu Siglingastofnunar geti farið fram reynist það nauðsynlegt.
2. Áður en lestun eða losun hefst skal ljúka við sameiginlegan öryggisgátlista skips og hafnar og skulu skipstjórinn og fulltrúi búlkastöðvarinnar undirrita hann í sameiningu í samræmi við viðmiðunarreglur 4. viðbættis við BLU-reglurnar.
 3. Milli skips og búlkastöðvar skal komið á skilvirkum boðskiptum og þeim stöðugt viðhaldið þannig að unnt sé að bregðast við ef farið er fram á upplýsingar um lestunar- eða losunarferlið og tryggja að tafarlaust sé farið að fyrirmælum frá skipstjóra eða fulltrúa búlkastöðvarinnar um að fresta lestun eða losun.
 4. Skipstjórinn og fulltrúi búlkastöðvarinnar skulu annast lestunar- eða losunaraðgerðirnar í samræmi við samþykktta átætlun. Fulltrúi búlkastöðvarinnar skal bera ábyrgð á lestun eða losun fasta búlkafarmsins að því er varðar röð lesta, það magn og þann hraða lestunar eða losunar sem fram kemur í átætluninni. Hann skal ekki víkja frá samþykkttri lestunar- eða losunarátætlun, nema í samráði við skipstjóran og með skriflegu samþykki hans.
 5. Að lokinni lestun eða losun skulu skipstjóri og fulltrúi búlkastöðvarinnar staðfesta skriflega að lestunin eða losunin hafi farið fram samkvæmt lestunar- eða losunarátætluninni, að meðtöldum samþykktum breytingum sem kunna að hafa orðið á henni. Þegar um losun er að ræða skal slíkri staðfestingu fylgja skjal þess efnis að lestir hafi verið tæmdar og þær þrífarnar í samræmi við kröfur skipstjóra og enn fremur skal fylgja skrá yfir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á skipinu, og viðgerðir sem framkvæmdar hafa verið.

9. gr.

Hlutverk Siglingastofnunar.

Með fyrirvara um réttindi og skyldur skipstjóra sem kveðið er á um í reglu VI/7.7 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, skal Siglingastofnun tryggja að komið sé í veg fyrir eða stöðvuð lestun eða losun fasts búlkafarms hvenær sem fyrir liggja greinilegar vísbendingar í þá veru að skipi eða áhöfn kunni að stafa hættu af slíku.

Nú er Siglingastofnun tilkynnt að komið hafi til ágreinings milli skipstjóra og fulltrúa búlkastöðvar um framkvæmd starfsreglnanna sem kveðið er á um í 8. gr. og skal þá Siglingastofnun grípa inn í, eftir því sem þurfa þykir, af öryggisástæðum og/eða af ástæðum er varða umhverfi sjávar.

10. gr.

Viðgerðir á skemmdum sem verða við lestun eða losun.

Ef skemmdir verða á burðarvirki eða búnaði skipsins við lestun eða losun skal fulltrúi búlkastöðvarinnar tilkynna það skipstjóranum og fer þá fram viðgerð ef þörf er á.

Séu skemmdirnar þess eðlis að þær gætu dregið úr styrkleika burðarvirkis bolsins eða vatnsheldni þess eða skaðað aðaltæknikerfi skipsins skal fulltrúi búlkastöðvarinnar og/eða skipstjórinn tilkynna það Siglingastofnun eða viðurkenndri stofnun sem starfar í umboði hennar. Siglingastofnun skal, að teknu tilliti til álits viðurkenndrar stofnunar, komi slíkt álit fram, og með tilliti til álits skipstjóra, taka ákvörðun um það hvort hægt sé að fresta viðgerðum. Ef tafarlausar viðgerðir eru taldar nauðsynlegar skal þeim lokið, svo viðunandi sé að mati skipstjóra og Siglingastofnunar, áður en skipið lætur úr höfn.

Þegar taka skal ákvörðunina sem um getur í 2. mgr. getur Siglingastofnun fengið viðurkennda stofnun til að skoða skemmdirnar og gefa álit á því hvort þörf sé á viðgerðum eða hvort þeim megi fresta.

Þessi grein gildir með fyrirvara um ákvæði reglugerðar um hafnarríkiseftirlit, nr. 589/2003.

11. gr.

Sannprófun og skýrslugjöf.

Siglingastofnun skal sannprófa reglulega að búlkastöðvar standist kröfurnar í 5. gr. (1. tölul.), 7. gr. (2. tölul.) og 8. gr. Fyrirvaralaus skoðun, meðan á lestun eða losun stendur, skal vera þáttur í sannprófuninni.

Að auki skal Siglingastofnun sannprófa að búlkastöðvar standist kröfurnar í 4. tölul. 5. gr. í lok tímabilsins, sem þar er kveðið á um og, að því er varðar nýstofnaðar búlkastöðvar, í lok tímabilsins sem kveðið er á um í 6. gr.

Siglingastofnun Íslands skal láta Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í té niðurstöður slíkrar sannprófunar á þriggja ára fresti. Í skýrslunni skal koma fram mat á skilvirkni samhæfðu málsmeðferðarinnar við samvinnu og samskipti milli búlkaskipa og búlkastöðva sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Skýrslan skal send í síðasta lagi 30. apríl næsta árs eftir lok þriggja almanaksára sem hún fjallar um.

12. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, með síðari breytingum, og siglingalaga nr. 34/1985, með síðari breytingum.

13. gr.

Lagastöð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum og 243. gr. siglingalaga nr. 34/1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Höfð var hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/96/EB frá 4. desember 2001 um samræmdar kröfur og aðferðir að því er varðar örugga lestun og losun búlkaskipa, sem birtist í EES-viðbæti 6/2003, bls. 147 og ákvörðun EES-nefndar nr. 56/2002, sem birtist í EES-viðbæti 44/2002, bls. 12.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

**Kröfur er varða nothæfi búlkaskipa
við lestun og losun á föstum búlkafarmi.**
(sem um getur í 4. gr.)

Hafa skal eftirlit með því að búlkaskip, sem hafa viðkomu á búlkastöðvum í íslenskum höfnum til lestunar eða losunar á föstum búlkafarmi, standist eftirfarandi kröfur:

1. Þau skulu vera með lestum og lestaropum sem eru nægilega stór og þannig hönnuð að unnt sé, með fullnægjandi hætti, að lesta fasta búlkafarminn, geyma hann, lesta hann rétt með tilliti til stafnhalla og losa hann.

2. Þau skulu hafa auðkenningarnúmer fyrir lestarlúgur eins og notuð eru í lestunar- eða losunarátlaninni. Staðsetning, stærð og litur þessara númera skulu vel sýnileg og auðgreinanleg notanda lestunar- eða losunarbúnaðar á búlkastöðinni.
3. Lestarlúgur skipanna, stýrikerfi þeirra og öryggisbúnaður skulu vera í góðu, starfshæfu ástandi og eingöngu notuð eins og til er ætlast.
4. Ljós, sem gefa til kynna slagsíðu, skulu, ef þau eru fyrir hendi, prófuð áður en lestun eða losun hefst og sýna skal fram á að þau séu virk.
5. Ef þess er krafist að viðurkennt hleðslutæki sé um borð skal slíkt tæki vera vottað og geta reiknað út álag meðan á lestun eða losun stendur.
6. Knúningsvél og hjálparvélar skulu vera í góðu, starfshæfu ástandi.
7. Útbúnaður á þílfari, sem notaður er þegar skipið leggst við legufæri og höfn, skal vera virkur og í góðu lagi.

II. VIÐAUKI

Kröfur er varða nothæfi búlkastöðva við lestun og losun á föstum búlkafarmi.

(sem um getur í 1. mgr. 5. gr.)

1. Búlkastöðvar skulu eingöngu taka á móti búlkaskipum til að lesta eða losa fastan búlkafarm ef þau geta með öruggum hætti lagst að bryggju meðfram lestunar- eða losunaraðstöðunni, að teknu tilliti til dýptar vatnsins í skipalæginu, hámarksstærða skips, fyrirkomulags legufæra, fríholta, öryggis við aðkomu og hugsanlegra hindrana við lestun eða losun.
2. Lestunar- og losunarbúnaður búlkastöðva skal hafa viðeigandi vottun, honum skal haldið í góðu, starfshæfu ástandi í samræmi við viðeigandi reglugerðir og staðla og skal öðrum ekki heimilt að nota hann en starfsmönnum sem hafa til þess tilskilinn réttindi og, ef við á, löggildingu.
3. Starfsmenn búlkastöðva skulu fá þjálfun í öllum þáttum er lúta að öruggri lestun og losun búlkaskipa og sem samrýmast ábyrgðarsviði þeirra. Þjálfunin skal miða að því að mönnum verði kunnugt um þær almennu hættur sem eru samfara lestun og losun á föstum búlkafarmi og um þau skaðlegu áhrif á skipið sem geta hlotist af röngum vinnubrögðum við lestun og losun.
4. Starfsmönnum búlkastöðva, sem starfa við lestun og losun búlkaskipa, skal séð fyrir persónuhlífum og þeir skulu fá næga hvíld til að forðast megi slys sem rekja má til þreytu.

III. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skipstjóra ber að veita búlkastöðinni.

(sem um getur í b-lið 1. mgr. 7. gr.)

1. Upplýsingar um áætlaðan komutíma skipsins til viðkomustaðar úti fyrir höfn með eins góðum fyrirvara og kostur er. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar eftir því sem við á.
2. Við fyrstu tilkynningu um komutíma skal gefa upp eftirfarandi:
 - a) nafn, kallmerki, IMO-númer, fána og heimahöfn;
 - b) lestunar- eða losunarátlan, þar sem fram kemur magn farmsins, frágangur hans eftir lestarlúgum, röð lestunar eða losunar og magn sem lestað er í hverri lotu eða losað á hverju stigi losunar;

- c) djúpristu við komu og væntanlega djúpristu við brottför;
- d) tíma sem tekur að taka eða losa sjókjölfestu;
- e) heildarlengd og mestu breidd skipsins og lengd farmsvæðisins frá fremra kanti fremstu lestarlúgu að aftara karmi öftustu lestarlúgu lestartálmisins sem farmi skal skipað út í eða upp úr;
- f) fjarlægð frá vatnslínu að lúgu fyrstu lestar sem lesta skal eða losa og fjarlægð frá skipshlið að lestarlúgu;
- g) staðsetningu landgöngubrúar á skipshlið;
- h) hæð hæsta punkts skipsins yfir sjávarborði (air draught);
- i) upplýsingar um lestunar- og losunarbúnað skipsins og um afköst hans;
- j) fjölda og gerð landfesta;
- k) sérstakar beiðnir, t.d. um lestun með tilliti til stafnhalla eða um stöðuga mælingu á vatnsinnihaldi farmsins;
- l) upplýsingar um allar nauðsynlegar viðgerðir sem kunna að hefja fyrir því að skipið geti lagst að, að lestun eða losun geti hafist eða að skipið geti látið úr höfn að lokinni lestun eða losun;
- m) allar aðrar upplýsingar um skipið sem búlkastöðin óskar eftir.

IV. VIÐAUKI

Skyldur skipstjóra fyrir lestun eða losun og meðan á henni stendur.

(sem um getur í d-lið 1. mgr. 7. gr.)

Áður en lestun eða losun hefst og meðan á henni stendur skal skipstjóri tryggja:

1. að lestun eða losun farmsins og tæming eða áfylling sjókjölfestugeymis sé undir stjórn ábyrgs yfirmanns á vakt;
2. að fylgst sé með niðurskipan farms og sjókjölfestu meðan á lestun eða losun stendur þannig að tryggt sé að ekki sé of mikið álag á burðarvirki skipsins;
3. að skipinu sé haldið í uppréttri stöðu eða ef þörf er á stafnhalla skal takmarka hann eins og kostur er;
4. að skipið sé tryggilega fest með landfestum og tekið sé tilhlýðilegt tillit til veðurskilyrða og veðurspár;
5. að nægilega margir yfirmenn og áhafnarmedlimir séu um borð til að huga að landfestum eða hverju því sem við getur borið við eðlilegar aðstæður eða neyðarástand, enda sé þess gætt að áhöfnin fái nægan hvíldartíma til að komast hjá þreytu;
6. að fulltrúa búlkastöðvarinnar sé gerð grein fyrir kröfum um lestun farmsins með tilliti til stafnhalla en þær skulu vera í samræmi við málsmeðferðarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi í meðferð fasts búlkafarms;
7. að fulltrúa búlkastöðvar sé gerð grein fyrir kröfum um samræmingu milli losunar eða inntöku sjókjölfestu annars vegar og lestunar- eða losunarhraða farms fyrir skipið hins vegar, svo og fyrir frávikum frá áætlunum um losun eða inntöku sjókjölfestu eða öðru því sem kann að hafa áhrif á lestun eða losun farms;
8. að sjókjölfestan sé losuð á hraða sem samrýmist samþykktri áætlun um lestun farms og leiði ekki til þess að vatnið flæði yfir á hafnarbakkann eða í nærliggjandi skip. Þegar ekki reynist hagkvæmt að losa alla sjókjölfestuna úr skipinu, áður en að því kemur við lestun farms að stilla þarf stafnhalla skipsins, skal skipstjóri semja við fulltrúa búlkastöðvar um það hvenær og hve lengi í einu nauðsynlegt kunni að vera að fresta lestun farmsins;

9. að fyrir hendi sé samkomulag við fulltrúa búlkastöðvar um það til hvaða aðgerða beri að grípa ef eðli farmsins er slíkt að regn eða önnur veðurbrigði myndu reynast hættuleg;
10. að engin logsuða eða rafsðuða eigi sér stað um borð í skipinu eða nágreppi þess meðan það liggur við bryggju, nema með leyfi fulltrúa búlkastöðvar og í samræmi við allar kröfur stjórnvalda;
11. að náíð eftirlit sé haft með lestunar- eða losunurvinnunni og með skipinu á lokastigum lestunar eða losunar;
12. að fulltrúa búlkastöðvar sé tafarlaust gert viðvart ef lestun eða losun hefur valdið tjóni eða skapað hættuástand eða ef líkur eru á að svo geti farið;
13. að fulltrúa búlkastöðvar sé gert viðvart þegar lokastilling á stafnhalla þarf að hefjast svo unnt sé að tæma færibaldið;
14. að losun fari fram samhliða á bakborða og stjórnborða í sömu lest því sem næst svo að ekki komi vindingsátak á burðarvirki skipsins;
15. að tekið sé tillit til þess, þegar taka skal sjókjölfestu í eina lest eða fleiri, að eldfimar gufur geti losnað úr lestunum og gerðar séu varúðarráðstafanir áður en leyfi er veitt fyrir logsuðu eða rafsðuðu nálægt þessum lestum eða fyrir ofan þær.

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem búlkastöðinni ber að veita skipstjóra.

(sem um getur í a-lið 2. mgr. 7. gr.)

1. Heiti skipalægis þar sem lestunin eða losunin er fyrirhuguð og hvenær gert er ráð fyrir að skipið leggist að og hvenær lestun eða losun ljúki.
2. Einkenni lestunar- eða losunarbúnaðar, þ.m.t. nafnhraði lestunar eða losunar á búlkastöðinni, fjöldi lestunar- eða losunareininga sem fyrirhugað er að nota og áætlaður tími sem þarf til að ljúka hverri lotu eða, þegar um losun er að ræða, áætlaður tími sem þarf til að ljúka hverju stigi losunar.
3. Þættir sem einkenna aðstaður við bryggju eða hafnargarð sem skipstjóri getur þurft að þekkja, þ.m.t. staðsetning fastra og hreyfanlegra hindrana, friholta, bryggjupolla og fyrirkomulag legufæra.
4. Minnsta dýpi meðfram bryggju og á innsiglinga- og útsiglingaleiðum.
5. Eðlismassi vatns í skipalæginu.
6. Hámarksfjarlægð frá sjólínu að efsta hluta lestarhlera eða -karma, eftir því hvort skiptir máli vegna lestunar eða losunar, svo og hámarkshæð hæsta punkts skips yfir sjávarborði.
7. Aðstaða fyrir landgöngubrýr og inngönguleiðir.
8. Hvor hlið skipsins á að snúa að bryggju.
9. Leyfilegur hámarkshraði í aðsiglingu að hafnargarði, tiltækir dráttarbátar, gerð þeirra og togkraftur.
10. Röð lestunar fyrir mismunandi hluta farms og aðrar takmarkanir ef ekki er unnt að taka við farminum í þeirri röð eða í þær lestir sem henta skipinu.
11. Allir eiginleikar farmsins, sem fyrirhugað er að lesta, sem kunna að valda hættu ef hann kemst í snertingu við farm eða farmleifar sem eru um borð.
12. Upplýsingar um fyrirhugaðar lestunar- eða losunaraðgerðir eða breytingar á fyrirliggjandi lestunar- eða losunaráætlunum.
13. Að hve miklu leyti lestunar- eða losunarbúnaður búlkastöðvarinnar er fastur eða hvort einhverjar takmarkanir eru á hreyfanleika hans.

14. Kröfur um landfestar.
15. Viðvörðun um óvenjulegt fyrirkomulag legufæra.
16. Hvers konar takmarkanir á inntöku eða losun sjókjölfestu.
17. Mesta djúprista sem viðkomandi höfn leyfir.
18. Allar aðrar upplýsingar um búlkastöðina sem skipstjórinn óskar eftir.

VI. VIÐAUKI

Skyldur fulltrúa búlkastöðvar fyrir lestun eða losun og meðan á henni stendur. (sem um getur í d-lið 2. mgr. 7. gr.)

- Áður en lestun eða losun hefst og meðan á henni stendur skal fulltrúi búlkastöðvar:
1. veita skipstjóra upplýsingar um nöfn þeirra starfsmanna búlkastöðvarinnar eða umboðsaðila farmflytjanda, sem bera ábyrgð á lestunar- eða losunaraðgerðunum og sem eru tengiliðir skipstjórans og um hvernig tengslunum skuli komið á;
 2. gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að forðast tjón á skipinu af völdum lestunar- eða losunarbúnaðarins og gera skipstjóra viðvart ef til þess kemur;
 3. tryggja að skipinu sé haldið í uppréttri stöðu eða ef þörf er á stafnhalla skal takmarka hann eins og kostur er;
 4. tryggja að losun fari fram samhliða á bakborða og stjórnborða í sömu lest eða því sem næst svo að ekki komi vindingsátak á burðarvirki skipsins;
 5. vara skipstjóra við því þegar farmur hefur mikla eðlisþyngd eða þegar hver grip skóflufylli er mjög stór, að burðarvirki skipsins geti orðið fyrir miklu, staðbundnu álagi þar til efsti hluti farmgeymisins er algerlega hulinn farmi, einkum þegar leyft er að sleppa farmi hindrunarlaust úr mikilli hæð, og gæta skal sérstakrar varúðar við upphaf lestunar í hverri lest;
 6. tryggja að samkomulag sé milli skipstjóra og fulltrúa búlkastöðvar á öllum stigum að því er varðar alla þætti lestunar eða losunar og að skipstjóri sé látinn vita um allar breytingar sem kunna að verða á samþykktum hraða lestunar og um þyngd lestaðs farms við lok hverrar lotu;
 7. varðveita skjöl um þyngd og niðurskipan farms sem er lestaður eða losaður og að þyngd farmsins í lestunum sé ekki önnur en sú sem fram kemur í umsömdu áætluninni;
 8. tryggja að farmurinn sé rétt lestaður eða losaður með tilliti til stafnhalla samkvæmt kröfum skipstjóra;
 9. tryggja að gert sé ráð fyrir því, við áætlun á því magni farms sem þarf til að skipið nái þeirri djúpristu og þeim stafnhalla sem stefnt er að fyrir brottför, að færibandskerfi búlkastöðvarinnar sé tæmt við lok lestunar. Í þessu skyni skal fulltrúi búlkastöðvar gera skipstjóra grein fyrir nafnþyngd farms, sem er í færibandskerfi búlkastöðvarinnar, og um hugsanlegar kröfur þess efnis að færibandskerfið sé tæmt við lok lestunar;
 10. vara skipstjóra við með eins góðum fyrirvara og unnt er þegar fyrirhugað er að fjölga eða fækka losunareiningum og gera skipstjóra viðvart þegar losun telst vera lokið úr hverri lest;
 11. tryggja að engin logsuða eða rafsúða eigi sér stað um borð í skipinu eða í nágrenni þess meðan það liggur við bryggju, nema með leyfi skipstjóra og í samræmi við allar kröfur stjórnvalda.

SAMÞYKKT

um fráveitu Grindavíkur.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Grindavíkurbæ.

2. gr.

Grindavíkurbær starfrækir fráveitu, kostar rekstur hennar og framkvæmdir. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana.

Tækni- og umhverfissvið fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólþ, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólþ: Húsaskólþ og iðnaðarskólþ eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

4. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Grindavíkurbær á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og göturæsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

5. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveita liggur um lóðir, skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið Grindavíkurbæjar ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólþi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á holræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatn að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarins.

8. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráæsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. samþykkt um rotþrær fyrir Grindavík nr. 192/2004 og reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráæsi húseigna við hana.

9. gr.

Þegar tengja skal fráæsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráæsilögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til tækni- og umhverfisviðs Grindavíkurbæjar á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningameistara þeirra, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráæsum frá húseignum sem tengjast fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða, auk umsagnar heilbrigðisfulltrúa um að fylgt sé útgefnum leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.

10. gr.

Áður en húseign er tengd fráveitu bæjarins skal húseigandi greiða stofngjald til Grindavíkurbæjar vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðarmörkum húseigenda við holræsakerfi bæjarins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðanda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

11. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingaskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

12. gr.

Byggingaeftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal það einnig taka út og viðurkenna fráæsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

13. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fari fram á þeim nauðsynlegt viðhald. Grindavíkurbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

14. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu bæjarins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysi-efni eða annað það sem valdið getur mengun, skemmt eða truflað rekstur fráveitukerfis. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

15. gr.

Af öllum fasteignum í Grindavíkurbæ, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Bæjarstjórn Grindavíkur ákveður árlega álagningarprösentu fráveitugjaldsins sem nemur álagningarhlutfalli af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 í tengslum við ákvörðun um álagningu fasteignagjalda. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

17. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

18. gr.

Fráveitugjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulfátilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og vatnalögum nr. 15/1923.

Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsa gjöld í Grindavík nr. 808/1983.

Umhverfissráðuneytinu, 26. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Orðskýringar:

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
- Flokksdeild:** Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöru-flokks telst flokksdeild.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.
- Framlegð:** Munur söluverðs og innkaupsverðs – án vsk.
- Framlegðarskrá:** Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.

1. Söluflokkar.

1.1 Áfengi er deilt í 4 söluflokka:

- Reynsluflokk
- Kjarna
- Mánaðarflokk
- Sérflokk

1.2 *Reynsluflokkur* er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu.

1.3 *Kjarni* er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár en að ári liðnu geta þær fallið úr kjarna, skili þær ekki lágmarksframlegð. Kjarni deilist í forkjarna og aðalkjarna.

1.4 *Mánaðarflokkur* er ætlaður árstíðabundinni vöru.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem tekin er í sölu til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru falar í sérflokki.

1.6 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

Reynsluflokkur.

1.7 Birgir, sem óskar að selja vöru í reynsluflokki og leyfi hefur til að selja áfengi í heildsölu, skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Umsókn um sölu áfengis. Jafnframt því að leggja inn tilboð, leggur birgir fram vöruvottun og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölueining uppfylli skilmála ÁTVR. Hann staðfestir að honum séu kunnir skilmálar ÁTVR og að hann sé reiðubúinn að hlíta þeim.

1.8 Í reynsluflokki eru allt að 1400 sölutegundir sem seldar eru í Heiðrúnu og í Kringlunni. Séu öll sæti skipuð, getur birgir rýmt fyrir þeirri vöru, er hann býður, með því að taka aðra vöru, sem hann hefur forræði á, af listanum, enda hafi sú vara verið í reynslusölu í fulla 12 mánuði án þess að hafa verið felld úr flokknunum. Að öðrum kosti býður hann þar til sæti losnar.

1.9 Þegar birgir óskar skráningar á biðlista, skal skrá erindi hans í röð sams konar erinda. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru, umbúðastærð ásamt vöruflokki og flokksdeild, sbr. ákv. 2. kafla. Sé bið eftir að vara komist í reynslusölu, skal við færslu vöru af biðlista líta til, hvort bæta þurfi vöruval til samræmis við ákv. tl. 2.1. Beiðni um

skráningu verður ekki afturkölluð án samþykkis ÁTVR. Skráin sé til sýnis á birgjavef ÁTVR.

- 1.10 Samningur skal gerður a.m.k. mánuði áður en sala í reynsluflokki hefst. Takist samningar eigi fyrir þau tímamörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá. Verði vara ekki afhent a.m.k. 4 dögum fyrir upphafsdag sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.
- 1.11 Skili sölutegund í reynsluflokki á 12 mánaða tímabili 75% af framlegð sexhundraðustu sölutegundar á framlegðarskrá, flyst hún í kjarna.
- 1.12 Vara úr reynsluflokki fer úr vörslu ÁTVR, hafi hún ekki skilað á undanfögnu 12 mánaða tímabili framlegð, sem sé a.m.k. 35% af framlegð sexhundraðustu vöru á framlegðarskrá á sama tímabili. Hafi birgir eigi afgreitt pöntun á vöru í reynslusölu í 60 daga samfleytt, fellur varan af listanum.
- 1.13 Vöru, sem felld hefur verið úr reynsluflokki, verður eigi getið þar aftur fyrr en að liðnum 12 mánuðum.

Kjarni.

- 1.14 Þegar vara í reynslusölu hefur náð tilskildum árangri til að flytjast í kjarna, skal birgir innan 5 daga frá því söluárangur varð ljós senda ÁTVR tvær sölueiningar án endurgjalds. Sala í kjarna hefst í upphafi næsta mánaðar eftir að sýnishorn hafa verið lögð fram.
- 1.15 Í kjarna eru sölutegundir sem fengið hafa tilskilið árangursmat í reynsluflokki. Í aðalkjarna eru þær 600 tegundir sem verið hafa í forkjarna a.m.k. eitt ár og skila ÁTVR á hverju 12 mánaða tímabili mestri framlegð. Í forkjarna er vara á fyrsta ári eftir reynslusölu.
- 1.16 ÁTVR birtir skrá um framlegð einstakra sölutegunda mánaðarlega á birgjavef sínum. Aðalkjarni er endurmetinn í mánuði hverjum. Vara fellur úr kjarna nái hún ekki a.m.k. sexhundraðasta sæti á framlegðarskrá aðalkjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar boðnar til sölu í aðalkjarna og hvorug eða engin þeirra nær lágmarki en samanlögð framlegð áfengistegundar er innan kjarnamarka, þá skal sú sölutegundin, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla út. Upphaf veru í kjarna til nota við framlegðarútreikning telst frá byrjun næsta mánaðar eftir að ÁTVR kynnir að tilskyldum árangri í reynslusölu hafi verið náð.
- 1.17 Vara, sem felld hefur verið úr kjarna, getur hafið reynslusölu á ný, þegar kjarnabirgðir í eigu ÁTVR eru uppseldar.

Mánaðarflokkur.

- 1.18 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu á tilteknum árstíma. Tímabil eru þessi: Þorri, langafasta og jólamánuður. Sölutími lönguföstu er frá öskudegi til loka dymbilviku. Sölutíminn „jólamánuður“ hefst þriðja fimmtudag nóvember og lýkur 6. janúar. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Um sölu í öðrum verslunum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til sölu frá sama framleiðanda.

Sérflokkur.

- 1.20 Sérflokkur ÁTVR er ætlaður til þess að taka inn vöru sem eykur fjölbreytni og vöruval í vínbúðum. Vöruvalsnefnd ÁTVR velur vöru í sérflokk.

Sérpantanir.

- 1.21 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum sölu-flokkum. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.
- 1.22 Sá er pantar skal setja ÁTVR tryggingu fyrir því að kostnaður við kaup og flutning hinnar pöntuðu vöru fáiast greiddur. Tryggingin skal vera 700 kr. á sölueningu. Tryggingarfé endurgreiddist sé vara ófáanleg en ella gert upp við afhendingu vöru. Pöntuð vara endursendist sé hennar ekki vitjað innan 14 daga frá því hún er tilbúin til afhendingar.

Sýnishorn.

- 1.23 Þegar ÁTVR tekur vöru í sölu afhendir birgir tvær sölueningar án endurgjalds sem notaðar eru til smökkunar, gerðar lýsinga og gæðaeftirlits. Birgjar skulu skila inn a.m.k. 2 sýnishornum af hverri sölueningu árlega á meðan vara er í sölu hjá ÁTVR. Ef um mjög dýrar sölueningar er að ræða getur ÁTVR fallið frá kröfu um sýnishorn. ÁTVR skráir umsögn um vöruna til birtingar í verðskrá.

2. Vöruflokkar og flokksdeildir.

- 2.1 Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokkar og flokksdeildir:

01	Rauðvín	01.13.1	Suður-Ástralía
01.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml	01.14	Nýja Sjáland
01.2	Vín í minni umbúðum en 500 ml	01.99	Annað
01.3	Frakkland		
01.3.1	Bordeaux	02	Hvítvín
01.3.1.1	Medoc, Graves og Libournais chateau-vín	02.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml
01.3.2	Búrgund	02.2	Vín í minni umbúðum en 500 ml
01.3.2.1	Beaujolais	02.3	Frakkland
01.3.2.2	Cote de Nuits og Cote de Beaune	02.3.1	Bordeaux
01.3.3	Rón og Próvens	02.3.2	Búrgund
01.4	Ítalía	02.3.3	Alsace
01.4.1	Norður-Ítalía	02.3.4	Loire
01.4.1.1	Toskana	02.4	Ítalía
01.4.1.2	Piemonte	02.5	Spánn
01.4.1.3	Veneto	02.6	Portúgal
01.4.2	Suður-Ítalía	02.7	Þýskaland
01.4.2.1	Sikiley	02.7.1	Riesling - QmP
01.4.2.2	Puglia	02.8	Evrópa annað
01.5	Spánn	02.8.1	Austurríki
01.5.1	Rioja	02.9	Washington og Oregon
01.5.2	Katalónía	02.10	Kalifornía
01.6	Portúgal	02.10.1	Napa og Sonoma
01.7	Evrópa annað	02.11	Chile
01.8.1	Washington	02.12	Suður-Afríka
01.8.2	Oregon	02.13	Ástralía
01.9	Kalifornía	02.13.1	Nýja-Sjáland
01.9.1	Napa	02.90	Sæt hvítvín
01.9.2	Sonoma	02.99	Annað
01.10	Argentína	03	Rósavín
01.11	Chile	03.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml
01.12	Suður-Afríka	03.2	Blush - Roðavín
01.13	Ástralía	03.9	Önnur

04	Freyðivín	18	Snafs
04.1	Champagne	18.1	Akvavít
04.2	Asti	18.2	Anís
04.9	Önnur	18.9	Aðrir
05	Styrkt vín	20	Líkjörar
05.1.1	Sérrí - Fino og skyldar tegundir	20.1	Rjómalíkjör
05.1.2	Sérrí - Amontillado og skyldar tegundir	20.2	Hnetu- og baunalíkjör
05.1.3	Sérrí - Oloroso og skyldar tegundir	20.2.1	Kaffi/kakólíkjör
05.2.1	Púrtvín, hvít	20.2.2	Kókoslíkjör
05.2.2	Púrtvín, Tawny	20.3	Grasa- og kryddlíkjör
05.2.3	Púrtvín, rauð	20.3.1	Mintulíkjör
05.9	Önnur	20.3.2	Líkjör með anísbragði
06	Ávaxtavín og fl.	20.4	Ávaxtalíkjör
06.1	Síder	20.4.1	Epla/perulíkjör
06.2	Ávaxtavín	20.4.2	Ferskju/apríkósulíkjör
06.3	Hrisgrjónavín	20.4.3	Sítruslíkjör
06.9	Önnur	20.4.4	Berjalíkjör
10	Brandí	20.9	Aðrir
10.1	Cognac	21	Bitterar, kryddvín og aperítifar
10.2	Armagnac	21.1	Bitter
10.9	Annað	21.2	Kryddvín
11	Ávaxtabrandí og hratbrandí	21.2.1	Vermút
11.1	Calvados	21.3	Aperítifar
11.2	Annað ávaxtabrandí	23	Aðrir blandaðir drykkir
11.3	Hratbrandí	23.1	Aðrir (alk. minna en 6,5%)
13	Viskí	23.9	Aðrir
13.1	Skoskt	60	Lagerbjór
13.1.1	Single Malt	60.1	Ljós, í flöskum
13.2	Írskt	60.1.1	Ljós, í flöskum, íslenskur
13.9	Annað	60.2	Ljós, í dósum
14	Romm	60.2.1	Ljós, í dósum, íslenskur
14.1	Glært karabískt romm	60.3	Dökkur
14.2	Ljóst karabískt romm	60.4	Sterkur (alk. a.m.k. 6,2%)
14.3	Dökkt karabískt romm	60.5	Léttur lager (alk. að 4,5%)
14.9	Annað	60.9	Annar
15	Tequila og fl.	61	Öl
15.1	Tequila og Mezcal	61.1	Belgía
15.9	Annað	61.2	Bretland og Írland
16	Ókryddað brennivín	61.3	Þýskaland
16.1	Vodka	61.4	Stát og portari
16.9	Annað	61.9	Annað
17	Einiberjabrennivín	62	Annar bjór
17.1	Gin	62.1	Hveitibjór
17.2	Sénever	62.2	Lambik
		62.9	Annar

3. Val verslana á vörum í kjarna.

- 3.1 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.
- 3.2 Á Akureyri, í Heiðrónu, Kringlunni, Smáralind, Dalvegi, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi skulu allar kjarnavörur fást.
- 3.3 Í Austurstræti, Garðabæ, Holtagörðum, Keflavík, Mjódd, Mosfellsbæ, á Spönginni og á Selfossi fást að jafnaði 500 sölutegundir í kjarna.
- 3.4 Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum eru að jafnaði 300 sölutegundir í kjarna.
- 3.5 Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn, Hveragerði og í Grindavík fást að jafnaði 200 sölutegundir í kjarna.
- 3.6 Að jafnaði eru 100 sölutegundir fáanlegar í öðrum vínbúðum.
- 3.7 Val þeirra verslana, sem ekki hafa allar vörur í kjarna, skal endurmetið í janúar, maí og september og koma til framkvæmda 1. næsta mánaðar.
- 3.8 Miða skal grunn útreiknings við framlegð kjarnavöru. Fyrir hvert sex mánaða tímabil skal ákvarða fjölda áfengistegunda eftir röð þeirra á framlegðarskrá. Þrátt fyrir það geta verslanir takmarkað framboð á bjór og öli svo sem hér segir:
 - Í 100 tegunda verslun við 10 sölutegundir
 - Í 200 tegunda verslun við 20 sölutegundir
 - Í 300 tegunda verslun við 30 sölutegundir
 - Í 500 tegunda verslun við 50 sölutegundir.
- 3.9 Einnig er heimilt að takmarka fjölda kassavína í ofangreindum verslunum
- 3.9 Verslunarstjórar velja allt að 15% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Í verslunum með 100 sölutegundir velja verslunarstjórar 30 tegundir og verslunarstjórar í búðum með 200 tegundir velja 45 tegundir.
- 3.10 Við val sitt skulu verslunarstjórar auka úrval vínbúða með hliðsjón af 2. kafla þessara reglna svo og með tilliti til staðsetningar sölutegundar á framlegðarskrá.
- 3.11 Forstjóri ÁTVR skal árlega meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum kafla og breyta vali til samræmis við almennar reglur, þyki honum ástæða til.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

Vara og umbúðir.

- 4.1 Birgir ábyrgist að innihald vöru og lýsing hennar samræmist reglum upprunalands og íslenskum lögum.
- 4.2 Á umbúðum sölueiningar komi fram eftirtalin atriði: Heiti vöru, magn (lítramál), styrkleiki vínanda (m.v. rúmmál), lotunúmer, „best fyrir“ dagsetning þar sem við á.
- 4.3 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög. Áletrun eða einkenni, sem gefur til kynna að vara sé heimil til neyslu fólki yngra en tvítugu, er óheimil. Sölueiningu má ekki auðkenna með merki fríhafnarsölu.
- 4.4 Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölueiningu.
- 4.5 Hámarksstærð sölueiningar er 5 lítrar. Lágmarksstærð er 150 ml. ÁTVR mun hafna skráningu, taki umbúðir hennar meira hillurými miðað við magn en almennt gerist. Dósir séu með föstum flipa. Heimilt er að hengja miða á flöskur með uppskriftum og/eða kynningu á vörunni eða framleiðanda. Áletrun má ekki fela í sér happdrætti eða tilboð. Heimilt er að bjóða fram í mánaðar- eða sérflokkum vöru í fjölpakka eða pakkningar með fylgihlutum sem tengjast neyslu vöru, s.s. glös eða upptakara. Vöruvalsnefnd ÁTVR tekur afstöðu til slíkra pakkninga, með hliðsjón af gerð pakkningar, umfangi, plássi í vínbúðum og verði.

- 4.6 Vara verður að vera í samræmi við sýnishorn sem ÁTVR hefur metið fullnægjandi og verður ekki breytt nema ÁTVR samþykki breytinguna. Það telst breyting á vöru, fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

Pöntun og afhending.

- 4.7 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingarviku. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.
- 4.8 Innkaupadeild pantar vöru til reynslusölu í þeim mæli sem birgir óskar. Þó séu birgðir að jafnaði eigi umfram 10 daga sölu.
- 4.9 Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinna atriða:
 Sé magn vöru í afhendingu meira en sem svarar einu lagi á bretti skal varan afhent á EUR-vörubretti. Andvirði vörubretta sé innifalið í vöruverði. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 cm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 cm að hæð, skal vefja vörunar plastskæni.
 Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhúsi ÁTVR.
 Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum birgis eða ÁTVR. Vöruheiti, stærð umbúða og magn sé skilgreint.
 Strikamerki, frábrugðið strikamerki sölueiningar, sé á hverjum kassa.
 Vara sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 2 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR.
 Reikningur berist ÁTVR tveimur sólarhringum fyrir afhendingu vöru.
 Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskæni, kassa eða vörubretti.
 Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.
- 4.10 Um ábyrgð á vöru gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 4.11 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 4.12 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.

Verð og greiðsla.

- 4.13 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu, sérflokki eða mánaðarsölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna sölutímamann. ÁTVR greiðir lánardrottni selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok sölutímans. Sæki birgir eigi vöru sína í birgðastöð ÁTVR innan 4 starfsdaga frá því honum barst tilkynning um sölulok, verður hún send til hans á hans kostnað. Verði varan valin í kjarna, fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.
- 4.14 Breyti birgir verði vöru í reynslusölu, skal ljúka uppgjöri á þegar seldri vöru, færa birgðir óseldrar vöru af lager og skrá hana aftur skv. reikningi birgis á nýju verði. Sala getur fyrst hafist að nýju að færslum loknum.

- 4.15 Um greiðslu fyrir vöru í kjarna fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.
- 4.16 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni – www.vinbud.is. Birgjar geta breytt verði sínu sex sinnum á ári: 1. febrúar, 1. apríl, 1. júní, 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember.
- 4.17 Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður, skal ÁTVR tilkynna þeim birgi, sem varan er keypt frá, að annar birgjar hafi boðið sömu vöru. Jafnframt skal óska verðboðs í vöruna frá birgi og þeim, er nýtt verð bauð, enda geti sá leitt líkur að því að hann geti tryggt samfelld framboð vörunnar. Vara á nýju verði, sem þannig er boðin, komi eigi til sölu fyrr en að liðnum 90 dögum frá því ÁTVR tilkynnti nýtt verðboð. Viðskiptum við birgi skal þó eigi slitið, hafi viðkomandi vara verið skemur en 6 mánuði á söluskrá hjá ÁTVR. Tímamörk þessi eiga ekki við, reynist vara ófánleg frá þeim birgi, sem ÁTVR hafði skipt við.
- 4.18 Öll aðfanga- og einingaverð skulu gefin upp í heilum krónum.

Gildistaka.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 271/2003 og öðlast gildi 1. maí 2004. Um leið falla allir samningar ÁTVR um kaup áfengis frá birgjum úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um tegundir, sem í sölu voru 30. júní 2003 og ekki hefðu fallið úr sölu skv. reglum nr. 622/2001, gildir eftirfarandi:

1. Vara, sem verið hefur skemur en 12 mánuði í kjarna, skal ljúka 12 mánaða sölutíma í kjarna.
2. Vara, sem ekki hefur lokið reynslusölu, skal ljúka reynslusölunni í samræmi við reglur nr. 622/2001.

Reykjavík, 18. febrúar 2004.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Anna Margrét Jóhannesdóttir.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 25. febrúar 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um staðfestingu starfsreglna nefndar sem starfar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari staðfest, hinn 24. febrúar 2004, starfsreglur nefndar, sem starfar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Starfsreglurnar voru samþykktar samhljóða á fundi nefndarinnar hinn 24. febrúar 2004 og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. febrúar 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Starfsreglur nefndar sem starfar samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

1. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar þrjá lækna í nefnd, stöðunefnd, sem hefur það hlutverk að meta hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, aðstoðarlandlæknis, sóttvarnarlæknis, stöður yfirlækna, tryggingalækna, sérfræðinga og lækna heilsugæslustöðva.

Nefndin er þannig skipuð: Einn nefndarmaður tilnefndur af Læknafélagi Íslands, einn af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn.

2. gr.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Varamaður tekur sæti í nefndinni í forföllum aðalmanns og þegar aðalmaður er vanhæfur til umsagnar um umsækjendur. Í forföllum varamanns eða ef hann er einnig vanhæfur skal sá aðili sem tilnefndi hann, tilnefna mann í hans stað.

3. gr.

Umsókn um þau störf sem nefndin fjallar um skulu fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, lækninga- og/eða sérfræðileyfi, námsstöður og læknisstörf sem umsækjandi hefur gegnt og eftir því sem við á upplýsingar um vísinda- og ritstörf, sérprent eða ljósrít af greinum sem umsækjandi hefur skrifað auk upplýsinga um reynslu af kennslu og/eða stjórnun og nám á þeim sviðum.

Umsækjandi skal einnig leggja fram staðfestar upplýsingar um önnur atriði er máli kunna að skipta við ráðningu í starfið og sem hafa verið gerð að skilyrði í auglýsingu eða koma fram í starfslýsingu sé hún fyrir hendi svo sem reynsla af stjórnunar-, skipulags- eða kennslustörfum.

Umsækjanda er heimilt að láta meðmæli eða önnur gögn sem votta hvernig hann hefur staðið sig í starfi fylgja umsókn sinni.

Mat stöðunefndar um hæfni umsækjanda byggir á umsóknargögnum sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

Umsóknum um störf þau sem nefndin fjallar um skal skilað á sérstöku eyðublaði sem fyrirbyggjandi er hjá landlæknisembættinu.

4. gr.

Nefndin skal ganga úr skugga um að umsækjandi uppfylli almenn hæfisskilyrði lækna- laga nr. 53/1988 og hafi aflað sér tilskilinna lækninga- og/eða sérfræðileyfa skv. ákvæðum reglugerðar um veitingu lækningaleyfa og sérfræðileyfa nr. 305/1997.

Nefndin hefur m.a. eftirtalin atriði til hliðsjónar við mat á hæfni umsækjanda til að gegna auglýstri stöðu:

1. námsferill, þ. á m. framhaldsnám/sérfræðinám að loknu læknaprófi, viðhaldsnám og endurmenntun,
2. starfsferill,
3. vísinda- og rannsóknastörf, þ. á m. fræðileg ritstörf svo sem ritun vísindalegra rit- gerða.

5. gr.

Nefndin skal í hvívetna gæta jafnræðis milli umsækjenda og leggja málefnalegt mat til grundvallar umsögn um hæfni þeirra.

Hún skal leitast við að tryggja að hæfnismat sé byggt á fullnægjandi umsóknargögnum. Nefndinni er heimilt að afla frekari gagna telji hún það nauðsynlegt svo mat verði lagt á hæfni umsækjanda, umsóknargögn eru ófullnægjandi eða skortur á gögnum veldur vafa eða hefur áhrif á mat á hæfni umsækjanda um starfið.

Þegar nefndin leggur mat á hæfni umsækjanda um stöður yfirlækna og sérfræðinga, er henni heimilt að kveðja tvo sérfræðinga sér til ráðuneytis sbr. 1. mgr. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Komi fram í gögnum, sem nefndin hefur aflað, upplýsingar sem hún telur vera umsækj- anda í óhag og kynnu að hafa áhrif á mat á hæfni hans, svo sem áminning samkvæmt lækna- lögum nr. 53/1988 eða lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, skal nefndin kynna umsækjanda efni þeirra, frá hverjum þær stafa og veita honum tækifæri til þess að tjá sig um þær áður en nefndin gefur umsögn sína um hæfni hans.

Nefndinni er skylt að veita umsækjanda aðgang að gögnum um hann sem nefndin hefur aflað ef beiðni þar að lútandi kemur fram áður en umsögn nefndarinnar liggur fyrir.

6. gr.

Nefndin skal skila skriflegri umsögn um umsækjendur til þess aðila sem stöðuna veitir innan sex vikna frá því að umsóknarfresti lauk enda hafi nefndinni borist fullnægjandi umsóknargögn. Í henni skal vera samantekt um hvern umsækjanda og rökstutt álit á því hvort umsækjandi sé hæfur eða ekki hæfur til að gegna þeirri stöðu sem sótt er um og helstu sjón- armið sem ráðandi voru við matið.

Nefndinni er heimilt að raða umsækjendum í hæfnisröð.

7. gr.

Nefndarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða eru rædd á fundum nefndarinnar. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af starfi í nefndinni.

8. gr.

Nefndin getur sett sér frekari verklagsreglur m.a. hvað varðar skilyrði um starfsreynslu, kennslu og stjórnum. Þær reglur skulu vera aðgengilegar umsækjendum.

9. gr.

Heimilt er að bera málsmeðferð nefndarinnar undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þ.e. hvort málsmeðferð hafi verið í samræmi við ákvæði stjórnálaganna nr. 37/1993 og reglna þessara. Mat nefndarinnar er að öðru leyti ekki kæránlegt.

10. gr.

Reglur þessar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda nr. 64/1943, sem fylgiskjal með auglýsingu um staðfestingu ráðherra á þeim.

Reykjavík, 24. febrúar 2004.

Sigurður Guðmundsson formaður.

Halldóra Ólafsdóttir.

Þorvaldur Jónsson.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. febrúar 2004.

Jón Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja öryggi og heilbrigði skipverja á íslenskum fiskiskipum.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skipverja á fiskiskipum.

Eigi má hafa yngri mann, karl eða konu, en 15 ára við vinnu á fiskiskipi. Um vinnu skipverja sem ekki hafa náð 18 ára aldri fer eftir ákvæðum reglugerðar um vinnu barna og unglinga, nr. 426/1999.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkja eftirfarandi hugtök:

- Vinnutími:* Sá tími sem skipverji er við störf og innir af hendi störf sín eða skyldur.
- Fiskiskip:* Hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.
- Hvíldartími:* Tími sem telst ekki til vinnutíma.
- Næturvinna:* Vinna á tímabilinu milli kl. 00.00 og 07.00.
- Skipverji sem vinnur næturvinnu:* Skipverji sem vinnur að lágmarki 3 klukkustundir af sínum daglega vinnutíma í næturvinnu eða sem ætlast er til að vinni að lágmarki 25% af sínum árlega vinnutíma í næturvinnu.

4. gr.

Almennar reglur.

Við skipulag vinnunnar skal gæta að öryggi og heilbrigði skipverja sé í samræmi við reglugerðir þar um, sbr. reglugerð um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum, nr. 785/1998.

5. gr.

Vinnu- og hvíldartími.

Vinnutími skal ekki vera lengri en 48 klst. á viku. Mörk vinnu- og hvíldartíma skulu vera annaðhvort:

vinnutími sem ekki má vera lengri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 72 klst. á hverju 7 daga tímabili eða

hvíldartími skal að lágmarki vera 10 klst. á hverju 24 klst. tímabili og 77 klst. á hverju 168 klst. tímabili.

Hvíldartíma má skipta í tvö tímabil og skal annað vara að lágmarki í 6 klst. Tímabilið milli tveggja hvíldartíma má ekki vera lengra en 14 klst.

Skipstjóri getur krafist þess að skipverjar vinni þann fjölda vinnustunda, sem nauðsynlegur er fyrir öryggi skipsins, allra um borð, búnaðar eða farms, eða til að koma til hjálpar öðrum skipum eða mönnum í sjávarháská.

6. gr.

Naturvinna.

Skipverji sem vinnur næturvinnu skal eiga kost á heilsufarsskoðun áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á eftir að þeir eru hættir störfum, enda séu starfsskilyrði þeirra slík að heilsutjón geti hlotist af og ástæða til þess að ætla að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma. Útgerðarmaður greiðir kostnað af lækni- og sjúkdómskoðun.

Skipverji sem vinnur næturvinnu og á við heilsufarsvandamál að stríða sem sannanlega verða rakin til vinnutíma skal þegar kostur er færður til í dagvinnustörf sem henta honum.

7. gr.

Frávik í kjarasamningum.

Heimilt er með kjarasamningum að víkja frá ákvæðum 1.-3. mgr. 5. gr. Frávik geta verið vegna hlutlægra eða tæknilegra ástæðna eða ástæðna er varða skipulag vinnunnar. Frávik skulu, að því marki sem unnt er, vera í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna, en heimilt er að draga frá þann tíma sem frí er veitt.

8. gr.

Eftirlit.

Siglingastofnun Íslands, getur hvenær sem er krafist nauðsynlegra upplýsinga til að hafa eftirlit með hvort ákvæðum reglugerðarinnar er fylgt.

9. gr.

Refsingar.

Brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum sjómannaalaga, nr. 35/1985, með síðari breytingum.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 8. gr. og 64. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 20. febrúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

12. febrúar 2004

Nr. 209

GJALDSKRÁ

vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og byggingarnefndar í Rangárþingi ytra.

1. gr.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði:

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	70.453
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	58.711 pr. íbúð.
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	49.317 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	42.271 pr. íbúð.
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	35.227 pr. íbúð.

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur allt að 500 fermetrar	70.453
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólflötur stærri en 500 fermetrar	93.937

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fohheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Frístundahús	58.711
Smáhýsi allt að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	29.356
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, útihús á lög- lögbylum og viðbyggingar allt að 20 ferm.	29.356
Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	41.097

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld:

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	30.000
2/3 staðfestingargjalds ganga uppí byggingarleyfisgjald	4.000
Afgreiðslugjald í skipulags- og byggingarnefnd	7.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	5.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	11.500
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	7.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	11.500
Framkvæmdaleyfi	32.500
Fyrir grenndarkynningu	20.000
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	2.000
Afgreiðsla á stofnskjali	25.000
Breyting á staðfestu aðalskipulagi	

Vegna óska um breytingar á samþykktu deiliskipulagi sveitarfélagsins: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað eða greiði þann kostnað sem af hlýst, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

3. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2004 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2004 er 287,8 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra, 12. febrúar 2004.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grindavík.

Deiliskipulag við Víðihlíð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 10. desember 2003 samþykkt deiliskipulag við Víðihlíð í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis, norðan við Víðihlíð og gerir ráð fyrir 10 parhúsalóðum og viðbyggingu við hjúkrunarheimilið Víðihlíð.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag milli Víkurbrautar og Stamphólsvegar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 10. desember 2003 samþykkt deiliskipulag milli Víkurbrautar og Stamphólsvegar í Grindavík.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur verslunar- og þjónustulóðum við Víkurbraut og lóð fyrir fjölbýlishús við Stamphólsveg.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavíkurbæ, 23. febrúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóðar í landi Miðdals í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir spildu úr landi Miðdals í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 4. desember 2003.

Deiliskipulagið felst í skipulagi á 0,9 ha frístundalóð norðan við Silungatjörn. Lóðin er á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, sem svæði fyrir frístundabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 27. febrúar 2004.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og meðhöndlun seyrú í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur innheimtir árlega gjald fyrir tæmingu rotþróa samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyrú.

2. gr.

Gjalddagar eru þeir sömu og fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er kr. 4.500.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 16. desember 2003 skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrú. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Árnesi, 23. febrúar 2004.

Ingunn Guðmundsdóttir sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akureyri.

1. gr.

Gjald vegna sértækra aðgerða búfjárefirlits sbr. 9., 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

2. gr.

Akstursgjald verði innheimt skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar ríkisskattstjóra um akstursgjald á hverjum tíma.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. febrúar 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.

1. gr.

Vesturbyggð annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar og fer meðhöndlun úrgangs fram undir stjórn tæknideildar. Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Vesturbyggð getur falið verktökum að annast söfnun úrgangs í Vesturbyggð.

2. gr.

Verktakar sem annast söfnun úrgangs skv. 1. gr. skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

3. gr.

Allir íbúar Vesturbyggðar eru skyldugir að nota þær aðferðir og flát við sorpsöfnun og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarða, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að framkvæma hreinsun. Gæta skal þess að yfirfylla ekki sorpílátin og halda þeim hreinum.

5. gr.

Vesturbyggð leggur til sorppoka, svartan undir brennanlegan úrgang og rauðgulan undir óbrennanlegan úrgang. Húseigendur skulu sjálfir leggja til grindur eða kassa utan um pokana.

6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja heimilísúrgang, þ.e. úrgang frá heimilum og sams konar leifar frá rekstraraðilum. Í svartan poka má einungis setja úrgang sem telst brennanlegur, þ.e. matarafanga, pappa- og plastumbúðir, fatnað o.þ.h. Í rauðgulan poka skal setja umbúðir úr járn og gleri einnig álpappír og aðra smærri hluti sem ekki eru brennanlegir. Ganga skal þannig frá úrgangi að ekki stafi af honum hætta fyrir sorphreinsunarmenn t.d. pakka inn glerbrotum og hvössum málmhlutum.

7. gr.

Bannað er að setja eftirfarandi í sorpílátin: Garðaúrgang, jarðveg, byggingarúrgang, spilliefni þ.m.t. bensín og olíur. Þeim hlutum sem ekki er leyfilegt að setja í sorpílát skal skilað á gámastöðvar Vesturbyggðar. Spilliefnum skal skila til spilliefnamóttöku.

8. gr.

Bæjarstjórn ákveður, í samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarða, tíðni sorphreinsunar. Er gert ráð fyrir að tíðni verði miðuð við vikulega tæmingu. Þó skal aldrei líða lengra en 14 dagar milli tæminga. Ákvörðun um tíðni getur verið bundin við hluta bæjarins eða breytileg eftir árstíma og skulu breytingar á henni kynntar íbúum með hæfilegum fyrirvara.

9. gr.

Bæjarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er bæjarstjórn heimilt að innheimta sorp-

hirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá, sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsógn heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlátana eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærrí en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr

Bæjarstjórn skipar aðilum, fyrirtækjum, stofnunum og öðrum aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphirðu, í gjaldflokka og tekur við álagningu, svo sem kostur er, mið af umfangi starfseminnar og gerð úrgangs. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra aðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar. Ákvæði 6. gr. sem varða flokkun úrgangs og umgengni skulu gilda fyrir þessa aðila.

11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun til tæknideildar Vesturbyggðar. Telji húsráðandi sig ekki hafa fengið fullnægjandi úrlausn getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

12. gr.

Brjótí húsráðandi gegn ákvæðum þessarar samþykktar um meðferð og geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það til tæknideildar Vesturbyggðar sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. febrúar 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

sorphirðu í Vesturbyggð skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.

Gjald vegna sorphirðu og -eyðingar fyrir íbúðarhúsnæði:
kr. 9.500 pr. íbúð.

Sorpeyðing fyrir lögbýli og sumarhús skv. 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð:
kr. 5.000 pr. lögbýli eða sumarhús.

Sorpeyðing skv. 10. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð:

Flokkur	kr.
1	9.000
2	18.000
3	27.000
4	45.000
5	63.000
6	105.000
7	Skv. ákvörðun hverju sinni.

Samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar, 14. janúar 2004.

Brynjólfur Gíslason bæjarstjóri.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI

við gjaldskrá sorphirðu í Vesturbyggð skv. 10. gr. gjaldskrár
um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.

1. Flokkur
 - a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 1-2 starfsmönnum
 - b) Söluturnar án veitingaaðstöðu
 - c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir)
 - d) Lítil hótél eða gistiheimili (fyrir allt að 10 gesti)
 - e) Bílaleigur
2. Flokkur
 - a) Lítil iðn- og þjónustufyrirtæki (1-2 starfsmenn)
 - b) Meðalstór hótél eða gistiheimili (fyrir 11-25 gesti)
 - c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir allt að 10 gesti)
 - d) Litlir skólar (allt að 15 nemendur)
 - e) Leikskólar
 - f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (3-5 starfsmenn)
 - g) Litlar fiskverkanir (afurðir innan við 100 tonn á ári)

3. Flokkur
 - a) Meðalstórir veitingastaðir (11-15 gestir)
 - b) Meðalstór verslun
 - c) Áhaldahús
 - d) Meðalstórir skólar (16-30 nemendur)
 - e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (6-8 starfsmenn)
 - f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
 - g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar, hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
 - h) Miðlungu fiskverkanir (afurðir 101-500 tonn á ári)
4. Flokkur
 - a) Skrifstofu- og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmenn.
 - b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
 - c) Matvöruverslanir og stærri verslanir.
 - d) Stærri veitingahús (16 gestir eða fleiri)
 - e) Stærri fiskverkanir (afurðir 501-1000 tonn á ári)
 - f) Bankar og sparisjóðir
 - g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
 - h) Bensínstöðvar
5. flokkur
 - a) Minni fiskvinnslustöðvar (1000-2000 tonn á ári)
 - b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfsmenn eða fleiri)
6. Flokkur
 - a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn á ári og yfir)
 - b) Heilbrigðisstofnun
7. Flokkur
 - a) Fyrirtæki sem rúmast ekki innan flokka 1-6. Gjald lagt á skv. mati nefndar að lokinni athugun á umfangi og eðli þess sorps sem til fellur frá gjaldanda.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Norðurvang, lóðir nr. 14-40 í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir breyttum byggingarreitum á lóðum nr. 14-40 norðan við Norðurvang. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 27. janúar 2004 samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Hafnarfirði, 23. febrúar 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, Miðvangur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 1. mars 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Miðvangur 18, 20 og 22 breytist úr svæði fyrir þjónustustofnanir í íbúðarsvæði.
- Landnotkun á hluta svæðis milli Austurlandsvegur og Miðvangs breytist úr blandaðri landnotkun, þjónustustofnanir/athafnasvæði, í miðsvæði.
- Lega göngustígs á suðurhluta svæðisins færist til vesturs milli íbúðarsvæðis og miðsvæðis.
- Ný aðkoma verður frá Hringvegi 1 að Miðvangi um 200 m norðan við Fagradalsbraut.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 1. mars 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

19. febrúar 2004

Nr. 218

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.700.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.700 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umráðamanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins. Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði kaupstaðarins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar kaupstaðarins hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 353/2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Miðvangs 13, Egilsstöðum.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 7. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina Miðvangur 13, Egilsstöðum. Lóðin er skilgreind sem miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, með síðari breytingum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag miðbæjar við Miðvang á Egilsstöðum frá 7. mars 2000.

Egilsstöðum, 27. febrúar 2004.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Linnetstígs 2“ í Hafnarfirði.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir 4 hæða húsi með inndreginni efstu hæð í stað 3 hæða húss. Hámarksvegg- og mænishæð verði 12,8 m. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt óbreytt í bæjarstjórn þann 11. nóvember 2003 skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breytingin öðlast gildi nú þegar.

Hafnarfirði, 26. febrúar 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, sbr. 5. gr. samþykktar fyrir sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi, fyrir árið 2004 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

Gjaldskrá sorphirðu fyrir árið 2004:	kr.
Lögbýli	7.245
Íbúðarhús	5.985
Frístundahús	3.675
Fyrirtæki/smárekstur	7.245
Losanir úr gámum pr/m ³	337,26

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 19. nóvember 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. febrúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi í Iðnbúð og Smiðsbúð.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á skipulagsskilmálum fyrir iðnaðar- og verslunarlóðir við Iðnbúð og Smiðsbúð. Í breytingunni felst m.a. að íbúðir verða heimilaðar í hverfinu að uppfylltum skilyrðum sem tiltekin eru í skipulagsskilmálum. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni við Norðurhraun 1.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Norðurhraun 1. Í breytingunni felst að heimilað verður að reisa opið skýli á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 26. febrúar 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir 13.200 kr.

Fyrirtæki:	a) 13.200 kr.	d) 121.000 kr.
	b) 36.300 kr.	e) 236.500 kr.
	c) 66.000 kr.	f) 357.500 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar þann 22. janúar og 12. febrúar 2004.

Skútustaðahreppi, 20. febrúar 2004.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. janúar 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Breiðholti. Breytingin felst í því að bæta við lóð syðst í hesthúsahverfinu þar sem áður var óbyggt svæði austan lóðar nr. 11 við Perlugötu.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og óðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. febrúar 2004.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Leirár- og Melahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 172/2004 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í hreppnum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

Sorpgjald A	Íbúðarhús	15.000 kr.
Sorpgjald A	Íbúðarhús, ellilífeyrisþegar	7.500 kr.
Sorpgjald B	Sumarhús, fullgerð eða í byggingu skv. skrá FMR	5.000 kr.
Sorpgjald C	Fyrirtæki eða annar atvinnurekstur	

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps, 14. janúar 2004.

Marteinn Njálsson oddviti.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 104/1988 um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé gjald enn ógreitt þegar 28 dagar eru liðnir frá álagningu, hækkar það um 100% frá upphaflegu gjaldi, án tillits til staðgreiðsluafsláttar og undangenginnar 50% hækkunar eftir 14 daga.

2. gr.

Samgönguráðherra kemur í stað dómsmálaráðherra í 1. mgr. 3. gr. og í 1. mgr. 5. gr.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 108. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög 62/1988, sbr. lög 132/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag „Skólar 1“ á Reyðarfirði, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 5. febrúar 2004 samþykkt deiliskipulag „Skólar 1“ á Reyðarfirði. Deiliskipulagið tekur til lóða grunnskóla og spennistöðvar við Heiðarveg og íþróttahúss við Melgerði.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 23. febrúar 2004.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landbótasjóð Búnaðarfélags Svínavatnshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landbótasjóður Búnaðarfélags Svínavatnshrepps. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Lögheimili sjóðsins er að Dalsmynni Svínavatnshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Svínavatnshreppi fyrir framlag Landsvirkjunar samkvæmt samningi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar dags. 20. mars 2003 um eingreiðslu vegna áburðargjafar og uppgræðslumála sem kveðið er á um í samningi sömu aðila frá 15. mars 1981 vegna Blönduvirkjunar.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er 55.000.000 – krónur fimmtíuogfimmilljónir/100 – og greiðist með eftirfarandi hætti:

Við stofnun sjóðsins kr. 600.000.

Þann 1. mars 2004 kr. 54.400.000.

Bundið stofnfé í sjóðnum er kr. 600.000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint stofnframlag.
2. Frjáls framlög lögaðila og einstaklinga.
3. Vextir og arður af eigin fé.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að veita framlög og standa fyrir uppgræðslu og landbótum innan núverandi sveitarfélagsmarka Svínavatnshrepps. Verði mörkum Svínavatnshrepps breytt eða sveitarfélagið sameinað öðrum skal það ekki breyta starfssvæði sjóðsins.

6. gr.

Stjórn Landbótasjóðs Búnaðarfélags Svínavatnshrepps skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara skipuðum af stjórn Búnaðarfélags Svínavatnshrepps til þriggja ára í senn og skal einn stjórnarmanna ganga úr stjórninni árlega. Í fyrsta sinn sem skipað er í stjórnina skal einn stjórnarmanna skipaður til eins árs, annar til tveggja ára og hinn þriðji til þriggja ára og skal dregið um röð þeirra. Stjórn Búnaðarfélags Svínavatnshrepps skipar formann sjóðsstjórnar.

Stjórnarmenn skulu allir eiga heimilisfesti á jörðum sem eru innan sveitarfélagsmarka núverandi Svínavatnshrepps.

7. gr.

Sjóðsstjórnin skal leggja starfsskýrslu sína og ársreikning sjóðsins fyrir stjórn Búnaðarfélagsins vegna næstliðins árs í síðasta lagi fjórum vikum fyrir afgreiðslu ársreikninga Búnaðarfélagsins. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðanda og sendir Ríkisendurskoðun ásamt starfsskýrslu sjóðsins eigi síðar en þann 30. júní ár hvert.

8. gr.

Reikningsárið er almanaksárið. Sjóðsstjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Sjóðnum er eigi heimilt að veita lán af eigin fé sínu. Sjóðsstjórn skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma án þess að stofna fé hans í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Stjórn sjóðsins er heimilt að skerða eigið fé sjóðsins við úthlutun úr honum um allt að 2% árlega en þó eigi fyrr en við úthlutun árið 2008.

Ekki er heimilt að skerða hið bundna stofnfé.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög til einstakra verkefna og er henni heimilt að auglýsa eftir tillögum um þau.

Ákvarðanir um framlög hvers árs, til einstakra verkefna, skulu teknar af stjórn fyrir 1. maí ár hvert.

Ekki er skylt að veita framlög á hverju ári.

Sjóðsstjórn setur nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við markmið hans og með tilliti til ákvæða í 5. gr. og 8. gr.

10. gr.

Sjóðsstjórnin skal fyrir hvert ár gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn og leggja hana fyrir stjórn Búnaðarfélagsins til kynningar í upphafi hvers rekstrarárs. Rekstrarkostnaður Landbótasjóðs Búnaðarfélags Svínavatnshrepps greiðist úr sjóðnum, þar með talinn kostnaður vegna úthlutunar, úttekta, stjórnunar, umsjónar og reikningsskila.

Verði árlegu ráðstöfunarfé ekki öllu ráðstafað samkvæmt framanskráðu skal heimilt að leggja afganginn við framlag næsta árs.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar eru fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi er berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

12. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta að meirihluti stjórnar sjóðsins sé því samþykkt og breytingar hafi verið samþykktar með að minnsta kosti 2/3 hlutum greiddra atkvæða á lögætum aðalfundi Búnaðarfélags Svínavatnshrepps enda hafi breytingar verið kynntar í fundarboði.

Leitað skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á breytingum á skipulagsskránni.

13. gr.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt í hreppsnefnd Svínavatnshrepps 5. febrúar 2004.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. mars 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfesta 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar í húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja rennismæla við hvert upphitunarkerfi og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við mældu rúmmetra vatns.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæli, ef þess er óskað.

II. KAFLI

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.	
a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	250,00	+ 14% vsk
b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra	39,00	+ 14% vsk
c) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til snjóbræðslu	39,00	+ 24,5% vsk
d) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til iðnaðar	39,00	+ 24,5% vsk
e) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til sundlauga	19,50	+ 14% vsk

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15

daga frá gjalddaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlána-
stofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð		kr.
0-300 m ³ (innifalið)		142.547 + 14% vsk
300-1000 m ³	hver m ³	171 + 14% vsk
1000 m ³ og yfir	hver m ³	114 + 14% vsk
1 rennislismælir á grind		42.451 + 14% vsk

6. gr.

Gjöld skv. 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1.100 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist eftir eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 880, 17. desember 1999, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 1. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Legat Jóns Sigurðssonar.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 4., 5. og 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins, sem staðfest var 14. október 1831:

4. gr.

Stjórn legatsins skal skipuð sýslumanninum á Akureyri, prófastinum í Eyjafjarðar-prófastsdæmi og framkvæmdastjóra héraðsnefndar Eyjafjarðar. Sýslumaðurinn á Akureyri er formaður stjórnar. Stjórn sjóðsins skal ráða mann til að annast bókhald sjóðsins gegn sanngjarnri þóknun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa styrkjum til bágstaddra í byggðum Eyjafjarðar og getur það verið hvort heldur til eintaklinga eða samtaka sem hafa það að markmiði að styðja þá sem höllum fæti standa eða til sambærilegra verkefna á vegum sveitarfélaganna í Eyjafirði. Styrki má bæði veita vegna bágrar fjárhagsstöðu og eins til þess að reyna að rétta hlut þeirra sem af einhverjum öðrum ástæðum eiga um sárt að binda. Stjórn sjóðsins skal setja sér starfsreglur.

6. gr.

Heimilt er að selja jarðeignir sjóðsins og skal þá söluandvirði þeirra ávaxtað á sem tryggilegastan hátt ásamt með öðrum eignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa árlega styrkjum, sbr. 5. gr., sem þó mega aldrei verða hærri en afgangur jarða auk vaxta af höfuðstól, en hann má ekki skerða.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 2004.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
222	26. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ	645
223	20. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi	646
224	27. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Breiðholts, Akur- eyri	646
225	14. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Leirár- og Melahreppi	647
226	23. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 104/1988 um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota	647
227	23. feb.	Auglýsing um deiliskipulag „Skólar 1“ á Reyðarfirði, Fjarðabyggð	648
228	1. mars	Skipulagsskrá fyrir Landbótasjóð Búnaðarfélags Svína- vatnshrepps	648-650
229	1. mars	Gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness	650-651
230	25. feb.	Auglýsing staðfestingar á breytingu á skipulagsskrá fyrir Legat Jóns Sigurðssonar	652

